



NÁMSFRAMBOÐ Í ÞINGEYJARSÝSLUM

- ÞARFAGREINING -

GRÉTA BERGRÚN JÓHANNESDÓTTIR OG ÓLI HALLDÓRSSON

JÚNÍ 2013



Þekkingarnet
Þingeyinga

Júní 2013

Lokaskýrsla rannsóknarverkefnis sem unnið var frá janúar-maí 2013
Verkefnið var fjármagnað af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
og Þekkingarneti Þingeyinga

Forsíðumyndir:

Þórshöfn á sumarkvöldi: Gréta Bergrún

Grásleppulöndun : Gréta Bergrún

Námshópur við Heiðskautagerðið á Raufarhöfn : Gréta Bergrún

Námskeið á Raufarhöfn : Heiðrún Óladóttir

Framkvæmd: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Nemendur í FSH sáu um að hringja út símakönnun

Þekkingarnet Þingeyinga

Ábyrgðarmaður : Óli Halldórsson

Ritstjórn: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Efnisyfirlit

Myndir.....	1
Útdráttur.....	3
1. Inngangur	5
2. Þarfagreining - 9-10 bekkur	7
2.1. Aðferðarfræði.....	7
2.2. Niðurstöður	7
2.3. Námsframboð og val á skóla	9
2.4. Valgreinar á unglíngastigi	11
2.5. Mismunur á svæðum	12
3. Þarfagreining - stjórnendur	17
3.1. Aðferðarfræði	17
3.2. Helstu niðurstöður	17
3.3. Aðgengi og þjónusta við símenntun og starfsþjálfun	21
3.4. Mismunur á milli svæða	22
4. Hinn almenni borgari.....	25
4.1. Aðferðarfræði	25
4.2. Helstu niðurstöður	25
4.3. Símenntun og starfsþjálfun	27
5. Niðurstöður.....	31
Heilmildir	33
Viðaukar.....	35

Myndir

Mynd 1 Búseta þátttökna.....	7
Mynd 2 Kynning á framhaldsskólum.....	7
Mynd 3 Val á námi eftir grunnskóla.....	8
Mynd 4 Val á framhaldsskóla.....	8
Mynd 5 Áhrifaþættir við val á framhaldsskóla.....	9
Mynd 6 Hvað hindrar framhaldsskólagöngu í heimabyggð.....	10
Mynd 7 Neikvæð áhrif sókn í framhaldsskóla	10
Mynd 8 Valgreinar í grunnskóla	11
Mynd 9 Verkleg kennsla í grunnskóla.....	11
Mynd 10 Svæðisskipt sókn í framhaldsskóla.....	12
Mynd 11 Ánægja með námsframboð	13
Mynd 12 Ástæður fyrir skólaskókn utan heimabyggðar.....	13
Mynd 13 Fjölbreyttara námsframboð í heimabyggð.....	14
Mynd 14 Neikvæðir áhrifaþættir við framhaldsskólasókn.....	14
Mynd 18 Stjórnunarnámskeið	18
Mynd 19 Atvinnugrein þátttakenda.....	18
Mynd 20 Fjöldi stöðugilda	19
Mynd 21 Breytingar á starfvettvangi	19

Mynd 22 Nægilegt framboð námskeiða	20
Mynd 23 Hvatning til starfsfólks.....	20
Mynd 24 Aðgengi að starfsþjálfun	21
Mynd 25 Þjónusta við símenntun	21
Mynd 26 Þjónusta við fjarnám	22
Mynd 27 Hreyfing á starfsvettvangi eftir svæðum.....	22
Mynd 28 Þjónusta við símenntun eftir svæðum	23
Mynd 29 Menntun þátttakenda	25
Mynd 30 Starf þátttakenda	26
Mynd 31 Breyting á starfsvettvangi	26
Mynd 32 Aðgengi að starfsþjálfun	27
Mynd 33 Neikvæðir þættir í sókn í símenntun.....	28
Mynd 34 Þjónusta við fjarnema.....	28
Mynd 35 Þjónusta við símenntun	29

ÚTDRÁTTUR

Um er að ræða þrjúþætta viðhorfsrannsókn sem hefur það meginmarkmið að greina þarfir fyrir námsframboð í Þingeyjarsýslum. Rannsóknin byggir á viðhorfskönnunum meðal þriggja hópa; stjórnenda fyrirtækja, nemenda efstu bekkja grunnskóla og almennings. Þegar horft er yfir heildina má draga fram nokkur atriði sem eru áberandi. Það fyrsta er skortur á iðnnámi og starfsþjálfun í iðngreinum. Annað er það að almenn ánægja virðist vera með þjónustu við símenntun og fjarnám á svæðinu. Þriðja er að slæmt netsamband í dreifðari byggðum er að koma í veg fyrir fjarnám og aðra símenntun sem hægt er að sækja á tölvutæku forni.

1. INNGANGUR

Rannsókn þessi er unnin af Þekkingarneti Þingeyinga veturinn 2012-2013. Markmið rannsóknarinnar er:

- Að greina námsþarfir á starfssvæði Þekkingarnetsins á norðausturhorni Íslands, með sérstakri áherslu á verknám og starfsþjálfun.

Verkefnið er unnið með styrkveitingu frá Mennta- og menningarmálaráðneytinu.

Þekkingarnetið er viðurkenndur fræðsluaðili samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og starfar m.a. við símenntun á svæðinu frá Bakkafirði til austanverðrar Vaðlaheiðar. Í því ljósi er meginmarkmið rannsóknarinnar hagnýtt fyrir stefnumörkun og val á námsframboði Þekkingarnetsins, en sama gildir um framhaldsskóla á svæðinu. Ákveðið var að gera viðhorfskannanir meðal þriggja hópa til að fá heildræna mynd af stöðunni:

- Netkönnun á meðal 9.-10. þekkinga grunnskólanema,
- Netkönnun meðal stjórnenda fyrirtækja á svæðinu,
- Símakönnun meðal almennings.

Með þrjúþættri nálgun gefst m.a. tækifæri til að meta hvort munur er á væntingum/þörfum ungmenna annars vegar og atvinnulífsins hins vegar. Einnig fást góðar vísbendingar um afstöðu þessara hópa allra til starfsemi menntastofnananna á svæðinu, þ.á.m. Þekkingarnets Þingeyinga.

Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að hjálpa til við ákvörðun um áherslur í námsframboði á svæðinu næstu vetur. Vonast er til að hægt sé að mæta betur kröfum heimamanna og bæta þjónustuna, bæði á sviði framhaldsfræðslu og í framhaldsskólanámi á svæðinu.

Í skýrslunni er fyrst farið í gegn um hverja ofangreindra þriggja kannana fyrir sig og niðurstöður stuttlega kynntar, aðallega í myndrænu formi. Síðan er umfjöllun um svörun í heild þar sem dregnar eru fram helstu niðurstöður í ljósi allra kannananna þriggja.


2. ÞARFAGREINING: 9.-10. BEKKUR

2.1. Aðferðarfræði

Netkönnun var lögð fyrir 9. og 10. bekkjarnema allra grunnskóla¹ á starfssvæði Þekkingarnetsins. Starfsmaður Þekkingarnetsins heimsótti flesta skólana og fékk að leggja könnunina fyrir en í þremur skólum sáu umsjónarkennarar viðkomandi bekkja um að leyfa nemendum að svara. Alls voru 131 nemandi sem svöruðu könnuninni, einhverjir voru fjarverandi og einn vildi ekki svara.

2.2. Niðurstöður


Við útreikning er fyrst horft yfir allt svæðið og báða aldursárganga. Síðar er svæðinu skipt upp í þrjá hluta og horft á nokkra þætti með svæðisskiptinguna í huga.



Mynd 1 Búseta þátttakenda

Eins og sjá má þá kemur meirihluti þátttakenda frá þéttbýlinu á Húsavík (640) en svarhlutfallið dreifist eðlilega miðað við fólksfjölda á svæðinu. Þegar spurt var um

Hefur þú fengið kynningu á framhaldsskólum á þínu svæði?




Mynd 2 Kynning á framhaldsskólum

kynningar á framhaldsskólum kom í ljós að flestir höfðu fengið einhvers konar kynningu á framhaldsskólum á Norðurlandi en þar sögðust flestir hafa fengið kynningu frá skólanum sjálfum. Einnig hafði nokkur fjöldi fengið kynningu frá námsráðgjafa eða kennurum í sínum skóla. Ekki var spurt hvaða skólar hefðu kynnt sig fyrir þeim, en á svæðinu eru tveir framhaldsskólar.

¹ Grunnskólinn á Bakkafirði, Grunnskólinn á Þórshöfn, Grunnskólinn á Raufarhöfn, Öxarfjarðarskóli, Borgarhólsskóli, Litlulaugaskóli, Hafraækjarskóli, Reykjahlíðarskóli, Stórutjarnaskóli

Spurt var um hvaða nám nemendur langaði að stunda að grunnskólanámi loknu. Stærstur hluti eða 45% hafa hug á að taka stúdentspróf af almennum bóknámsbrautum, næst á eftir kemur iðnnám með 35%. Þeir sem ekki vildu setja svar við fyrirframgefna valmöguleika máttu skrifa frjálst svar og þar var meðal annars nefnt leiklistarnám, hönnunarnám, flugnám, vélstjórn, forritun, listnám og ljósmyndum.


Hvaða nám langar þig að stunda eftir grunnskóla



Mynd 3 Val á námi eftir grunnskóla

Ein spurningin var opin þar sem spurt var um framtíðarstarf eða starfsgrein sem nemendur langaði að starfa við. Hér eru flest svörin, nokkur komu fram oft en einu sinni: fatahönnun, leiklist, hönnun, rafeindavirkjun, atvinnumaður í fótbolta, sálfræði, smíðar, sjómaður, leikskólakennari, skipstjóri, bakari, bifvélavirkjun, vélstjóri, forritun, geðlæknir, læknir, kokkur, grafísk hönnun, skartgripahönnun, sjúkráþjálfari, flugmaður, verkfræði, líffræði, snyrtifræði, rannsóknarlögregla, fjölmiðlafræði, arkitekt, bóndi, sjúkraflutningar, þjónn, sagnfræði, eðlisfræði, flugfreyja. Það er alveg óhætt að segja að fjölbreytnin er ráðandi.

Hvar hefur þú hugsað þér að sækja framhaldsskóla




Mynd 4 Val á framhaldsskóla

Enginn svaraði því til að nám á Egilsstöðum væri möguleiki, og aðeins 1% með Þórshafnardeild Framhaldsskólans á Laugum. Stærstur hluti, alls 42% þátttakenda, lýsir áhuga á að sækja skóla á Akureyri, 24% á Húsavík og 13% á Laugum. Einungis 12% eru óákveðin sem er athyglivert miðað við að þetta voru einnig krakkar í 9. bekk sem svöruðu.

2.3. Námsframboð og val á skóla

Þegar spurt var um námsframboð svöruðu 30% því játandi að þeim finnst vanta námsframboð á sínu svæði, 26% söguðu nei við þeirri spurningu og 43% svöruðu „veit ekki“.² Þá var einnig opin spurning um námsframboð sem þeim fannst vanta, þar var meðal annars nefnt verklegt nám, iðnnám, snyrtifræði, hárgreiðsla, listnám, matreiðsla, íþróttabraut og spænska.

Hvaða þættir hafa mest áhrif við val á framhaldsskóla




Mynd 5 Áhrifaþættir við val á framhaldsskóla

Áhrifaþættir hvað varðar val á framhaldsskóla virðast helst vera námið og félagslífið. Í þessari spurningu (mynd 5) mátti velja fleiri en einn valmöguleika.

Þó nokkur hópur aðspurðra segist ætla í framhaldsskóla í sinni heimabyggð og eru Húsvíkingar þar í fararbroddi, sem skiljanlegt er þar sem framhaldsskóli er í þéttbýlinu. Til að fá nánari skýringar heldur en námsframboð, þá var spurt hvað það væri sem hindaði þau að fara í nám í sinni heimabyggð eða sem næst henni. Aðeins helmingur þátttakenda svaraði spurningunni. Þarna er líklegt að sá hópur á Húsavík sem ætlar í skóla þar hafi sleppt spurningunni.

² Það vakti athygli þegar könnunin var lögð fram að nemendum virtist ekki vera tamt að nota orðið „námsframboð“ og spurðu fjölmargir hvað það þýddi.

Hvers vegna ætlar þú ekki í framhaldsskóla í þinni heimabyggð (eða sem næst henni)?




Mynd 6 Hvað hindrar framhaldsskólagöngu í heimabyggð

Þarna virðist námsframboðið vega þyngst, en einnig gæði skólans og sókn í þéttbýlið. Aðeins 10% svara því til að skortur á heimavist hafi áhrif á skólaval í heimabyggð. Þá var spurt hvort aukið og fjölbreyttara námsframboð myndi auka líkur á að þau sækji nám í heimabyggð, 24% svöruðu neitandi, 50% svaraði játandi og 26 voru óvissir.

Þá var einnig spurt hvort það væri eitthvað sem hindaði þau eða hefði neikvæð áhrif á ákvörðun um að fara í framhaldsskóla (sjá mynd 7), langflestir svöruðu spurningunni en þar af voru 28% sem sögðu hana ekki eiga við sig. Í opnu svari kom meðal annars fram námsörðugleikar og „ekki bílpróf“.

Á starfssvæði þekkingarnetsins eru tveir framhaldsskólar og er annar þeirra með starfsstöð á Þórshöfn, svokölluð Þórshafnardeild Framhaldsskólans á Laugum. Þar er

Er eitthvað sem hindrar þig eða hefur neikvæð áhrifa á ákvörðun um framhaldsskólagöngu?



námið blanda af staðbundnu lotunámi og fjarnámi með aðstoð kennara. Aðspurðir sögðu 42% þátttakenda að þeir gætu ekki hugsað sér að stunda slíkt nám, 21% sagði já og 37% óviss.


Mynd 7 Neikvæð áhrif sókn í framhaldsskóla

Tvær spurningar snéru að háskólanámi og söguðust 50% þátttakenda ætla í háskóla að framhaldsskóla loknum, 13% sögðu nei og 37% voru óviss. Af þeim sem segjast ætla í háskóla þá sögust 49% reikna með að fara í háskóla á Akureyri, 46% í Reykjavík og 5% í fjarnámi.

2.4. Valgreinar á unglिंगastigi


Meirihluti þátttakenda taldi valgreinar og verklega kennslu á unglिंगastigi grunnskóla ekki hafa hjálpað sér við val á framhaldsskóla.

Finnst þér valgreinar á unglिंगastigi grunnskóla hafa hjálpað þér að ákveða hvað þig langar að læra?



Mynd 8 Valgreinar í grunnskóla


Finnst þér verkleg kennsla á unglिंगastigi grunnskóla hafa hjálpað þér að ákveða hvað þig langar að læra?



Mynd 9 Verkleg kennsla í grunnskóla

2.5. Mismunur á svæðum


Svæðinu var skipt upp í þrjá hluta eftir póstnúmerum, þar sem svæði 1 er Húsavík, Mývatnssveit og nærsveitir, svæði 2 er Kópasker, Raufarhöfn og nærsveitir, svæði 3 er Þórshöfn, Bakkafjörður og nærsveitir. Á svæði 1 eru tveir framhaldsskólar sem nemendur hafa þægilegt aðgengi að, á svæði 2 er enginn skóli en á svæði 3 er Þórshafnardeild Framhaldsskólans á Laugum þar sem hægt er að sækja 1-2 fyrstu árin í framhaldsskóla.



Mynd 10 Svæðisskipt sókn í framhaldsskóla

Þarna má sjá athygliverðar tölur, eins og það að enginn af svæði 3 hyggst sækja skóla á Húsavík – sem er í raun næsti skóli ef frá er talin framhaldsskóladeildin á staðnum. Þá ætlar enginn af svæði 2 í framhaldsskólann á Laugum en það er einnig svæðið sem hefur flesta óákveðna.


Finnt þér vanta námsframboð á framhaldsskólastigi á þínu svæði



Mynd 11 Áncægja með námsframboð

Á svæði 2 er lágt svarhlutfall á vöntun á námsframboði miðað við það að enginn skóli er innan þess svæðis, en þá er líklega verið að reikna með námsframboði í nærliggjandi framhaldsskólum.


Ef þú ætlar ekki í framhaldsskóla í þinni heimabyggð (eða sem næst henni), hvers vegna er það?



Mynd 12 Ástæður fyrir skólaskókn utan heimabyggðar


Hér var hægt að merkja í fleiri en einn valmöguleika en það virðist sem námsframboð hafi mest áhrif á hvers vegna einstaklingar velja að sækja ekki skóla í sinni heimabyggð. Hér verður þó að hafa í huga að einungis helmingur svarenda svöruðu spurningunni eða þeir sem ekki ætla í framhaldsskóla á sínu heimasvæði.

Ef það væri fjölbreyttara námsframboð í framhaldsskóla í þinni heimabyggð (eða sem næst henni), er líklegra að þú myndir sækja hann frekar en að flytja í burtu?



Mynd 13 Fjölbreyttara námsframboð í heimabyggð

Ef það er eitthvað sem hindrar þig eða hefur neikvæð áhrif á ákvörðun um að fara í framhaldsskóla, hvað væri það þá helst?



Mynd 14 Neikvæðir áhrifaþættir við framhaldsskólasókn

Þegar horft er á heildarmyndina má segja að niðurstöðurnar komi ekki mikið á óvart, það er eftirspurn eftir auknu iðnnámi, sumir unglingar vilja víkka sjóndeildarhringinn strax og fara að heiman á meðan aðrir bíða lengur með að fljúga af stað. Það kemur

svo skýrt fram að námsframboð er stór þáttur í afstöðu nemendanna til framhaldsskólanáms. Aukið námsframboð á svæðinu myndi því að líkindum auka áhuga á skólasókn í heimabyggð.

Á svæði 2 er enginn framhaldsskóli eða framhaldsskóladeild en þar er jafnframt stæsta hlutfall óákveðinna. Þar er hins vegar enginn sem ætlar í skólann á Laugum sem er næsti heimavistarskóli, fáir ætla á Húsavík en flestir á Akureyri. Það sama má segja um svæði 3 nema þar ætlar enginn á Húsavík, fáir í Lauga og flestir á Akureyri. Það sem er athyglivert er að með tilkomu framhaldsskóladeildar á Þórshöfn, þá hefur þróunin snúist við hvað það varðar að nemendur af svæði 3 eru aftur farnir að sækja nám við Framhaldsskólann á Laugum sem er nýjung frá því sem var fyrir nokkrum árum síðan.

Alls 35% aðspurðra hafa áhuga á iðnnámi og það er hópur sem fer beint út af svæðinu til náms þar sem iðnnám hefur lagst af að mestu í héraðinu. Stór hluti svaraði „veit ekki“ við spurningu um hvort námsframboð á svæðinu væri nægilega mikið en 35% svöruðu því játandi. Af þeim sem ætla að heiman í nám svöruðu 50% að það væri ekki fullnægjandi námsframboð á svæðinu en þar má ætla að einhverjir á svæðum 2 og 3 telji sitt næsta umhverfi þar með en reikni ekki með nærtækustu skólum svo sem á Húsavík og Laugum.

3. ÞARFAGREINING: STJÓRNENDUR

3.1. Aðferðafræði

Netkönnun var send á flest fyrirtæki á Norðausturlandi – þar var stuðst við fyrirtækjalista á gulusíðum á ja.is³ og hringt í fyrirtæki eftir netföngum ef þurfti. Stutt lýsing á könnuninni fylgdi ásamt ósk um að stjórnandi eða eigandi í hverju fyrirtæki myndi svara. Könnunin var einnig send á stjórnendur menntastofnana og heilbrigðisstofnana á svæðinu. Alls var könnunin send til 160 fyrirtækja og stofnana en svör voru 68 eða 43%. Einhverjir sendu svarpósta um að þeir væru ekki með starfsmenn eða annað sem gerði það að verkum að þeir töldu sig ekki eiga erindi til að svara könnuninni


3.2. Helstu niðurstöður

Það var tiltölulega jafnt á milli kynjanna í svörun, aðeins fleiri karlmenn svöruðu könnuninni eða 56%. Þegar horft var í aldur þátttakenda þá var enginn á aldrinum 18-25 ára, 7% voru 23-35 ára, 31% voru 36-45 ára, 37% voru 46-55 ára og 25% 56-67 ára. Það eru því aðeins örfáir þátttakendur undir 35 ára aldri, sem eru stjórnendur eða eigendur fyrirtækja.

Þegar horft var í svæðisskiptingu þá dreifðust þátttakendur hlutfallslega jafnt yfir svæðið, flestir komu frá Húsavík og frá nágrenni Húsavíkur, aðrir dreifðust yfir svæðið allt. Þá voru 43% þátttakenda sem gengdu stöðu framkvæmdarstjóra eða rekstrarstjóra, 37% voru eigendur og 20% gengdu stöðu verkstjóra.

Flestir svarenda eða 41% höfðu lokið háskólaprófi og 27% höfðu lokið iðnskólaprófi.


Hvaða formlegu menntun hefur þú lokið



Mynd 15 Menntun þátttakenda

³ Já Upplýsingaveitur hf. Slóð www.ja.is


Hefur þú sótt námskeið í stjórnun



Mynd 15 Stjórnunarnámskeið

Eins og sjá má á mynd 18 þá hafa flestir svarið sótt námskeið í stjórnun og tölurverður hópur líka verkefnastjórnun og mannauðsstjórnun. Þarna gátu þátttakendur svarað fleiri en einum valmöguleika þannig að einhverjir hafa jafnvel sótt allar gerðir námskeiðanna.


Á hvaða sviði atvinnulífsins er þitt fyrirtæki



Mynd 16 Atvinnugrein þáttakenda

Eins og sjá má á mynd 19 þá er listinn engan veginn tæmandi heldur helstu atvinnuvegir hafðir sem svarmöguleikar. Þeir sem völdu svarmöguleikann “annað” voru sögðust flestir starfa í heilbrigðisgeiranum eða við menntastofnanir. Enginn valdi þann valmöguleika að vera í tæknigreinum.


Fjöldi stöðugilda í fyrirtækinu



Mynd 17 Fjöldi stöðugilda

Langflest fyrirtæki sem áttu þátttakanda í könnuninni voru með færri en 20 stöðugildi og þegar spurt var um fjölda starfsmanna var hlutfallið mjög svipað, þ.e. fjöldi starfsmanna var svipaður fjöldi stöðugilda. Þarna eru þó nokkur ferðaþjónustufyrirtæki sem hafa fáa starfsmenn og einyrkjar sem eru í dreifðari byggðum.


Telur þú líklegt að þú skiptir um starfsvettvang á næstu árum?



Mynd 18 Breytingar á starfsvettvangi

Eins og sjá má á mynd 21 þá er ekki mikill hreyfanleiki á stjórnendum, 76% segja það frekar eða mjög ólíklegt að þeir skipti um starfsvettvang á næstu árum.


Er nægilegt framboð á þínu svæði af eftirfarandi námi?



Mynd 19 Nægilegt framboð námsskeiða

Ef lítið er á heildina á mynd 22 má sjá að flestir telja ekki nægilega mikið af námskeiðum á neinum sviðum, einna helst þá af námskeiðum sem nýtast óbeint í starfi. Það vekur upp spurningar um hvort framboð af námskeiðum er svona lítið eða hvort sá hópur sem svarar þessu neitandi hefur kynnt sér málin nægilega vel.

Myndir þú hvetja þitt starfsfólk til þátttöku í eftirfarandi námi?




Mynd 20 Hvatning til starfsfólks

Flestir stjórnendur segjast hvetja starfsfólk til námskeiðspátttöku og eru jákvæðir gagnvart því. Þó voru einhverjir sem svörðu því til að það mætti ekki missa fólk úr vinnu eða sæi ekki nægilegan árangur af því að senda starfsfólk á námskeið.

3.3. Aðgengi og þjónusta við símenntun og starfsþjálfun

Þegar spurt var um aðgengi að símenntun og starfsþjálfun kom fram áberandi munur á þessum þáttum. Á meðan 28% aðspurðra sögðu að aðgengi að símenntun væri ekki nógu gott, þá voru tæp 60% sem sögðu að aðgengi að starfsþjálfun væri ekki nægilega gott.

Finnst þér aðgengi að starfsþjálfun nægilega gott á þínu svæði?




Mynd 21 Aðgengi að starfsþjálfun

Þátttakendur voru spurðir í opinni spurningu hvort einhverjar ástæður væru fyrir því að þeir myndu síður hvetja starfsfólk sitt til þátttöku í námskeiðum eða endurmenntun á svæðinu. Aðeins 26 svöruðu spurningunni og þar af sögðu 14 að framboðið væri ekki nægjanlegt, nokkrir svöruðu því til að fyrirtækið hefði ekki þörf fyrir slíkt og einnig að það skilaði ekki árangri.

Hvernig finnst þér þjónusta við símenntun vera á þínu svæði?


■ Mjög léleg ■ Frekar léleg ■ Frekar góð ■ Mjög góð ■ Hef ekkert kynnt mér það



Mynd 22 Þjónusta við símenntun

Hvernig finnst þér þjónusta við fjarnám og fjarnema vera á þínu svæði?

■ Mjög léleg ■ Frekar léleg ■ Frekar góð ■ Mjög góð ■ Hef ekkert kynnt mér það



Mynd 23 Þjónusta við fjarnám


Spurt var um þjónustu á sviði símenntunar og fjarnáms á svæðinu og var svörun jákvæð í báðum tilvikum. Meirihluti í báðum tilvikum taldi þjónustuna mjög eða frekar góða (58% símenntun og 62% fjarnám).

Í lok könnunarinnar var svo opið fyrir frekari athugasemdir og þar komu meðal annars fram nokkrar athugasemdir um að það vantaði öflugri netttengingu til að geta sinnt námi, að það vantaði námskeið sem væru tengd iðngreinum en ekki meira af tómstundanámskeiðum. Einnig kom þar fram að viðkomandi skorti þekkingu á aðstæðum til að geta dæmt um aðgengi að símenntun, starfsþjálfun og fjarnámi. Það styður einnig við það hlutfall að þriðjungur svarenda kvaðst ekki hafa kynnt sér málin hvað varðar símenntun og fjarnám.

3.4. Mismunur á milli svæða


Svæðinu var skipt upp í þrjá hluta eftir póstnúmerum, þar sem svæði 1 er Húsavík, Mývatnssveit og nærsveitir, svæði 2 er Kópasker, Raufarhöfn og nærsveitir, svæði 3 er Þórshöfn, Bakkafjörður og nærsveitir.

Telur þú líklegt að þú skiptir um starfsvettvang á næstu árum



Mynd 24 Hreyfing á starfsvettvangi eftir svæðum

Flestir sögðu það mjög eða frekar ólíklegt að þeir myndu skipta um starfsvettvang á næstu árum, svæði 3 var eina svæðið þar sem yfir 20% sögðu það frekar líklegt að skipt yrði um starfsvettvang á næstu árum.



Mynd 25 Þjónusta við símenntun effir svæðum

Eins og sjá má á mynd 28 þá er ekki hátt hlutfall sem er óánæggt með þjónustu við símenntun en einnig hópur sem ekki hefur kynnt sér þjónustuna. Mest er ánægjan á svæði 3 þar sem 70% þátttakenda segja hana frekar eða mjög góða, 57% á svæði 2 segja þjónustuna frekar eða mjög góða og 53% á svæði 1 svörðu því sama.

4. ÞARFAGREINING: HINN ALMENNI BORGARI

Þriðji þátturinn í þessari þarfagreiningu var að spyrja hinn almenna borgara hvernig sýn hann hefur á símenntun og starfsþjálfun á svæðinu.


4.1. Aðferðafræði

Símakönnun var hringd út í tilviljunarkennt úrtak þingeyinga á svæðinu frá Bakkafirði að Vaðlaheiði. Um var að ræða símakönnun. Úrtakið var 598 einstaklingar. Miðað var við 95% öryggisbil. Auk þess var reiknað með 55% svörun könnunarinnar við áætlun úrtaksstærðarinnar. Loks var reiknað með 80% hlutalli íbúa á svæðinu með skráð símanúmer en það hlutfall er landsmeðaltal. Útskriftarnemar Framhaldsskólans á Húsavík voru ráðir til verksins við að hringja út og leggja spurningalistann fyrir. Alls svöruðu 277 einstaklingar könnuninni sem er 46,32% svörun. Kynjahlutföllin voru nánast hnífjöfn, 139 konur og 137 karlar, einn svaraði ekki spurningunni. 329 svör þurfti við könnuninni til þess að hún væri marktæk miðað við 95% öryggismörk. Það vantaði því 52 svör upp á að það markmið næðist. Engu að síður ættu svörin að gefa góða vísbendingu um afstöðu hópsins.

4.2. Helstu niðurstöður

Aldur þátttakanda var mjög jafnt dreifður, það voru 19% 18-25 ára, 16% 26-35 ára, 18% 36-45 ára, stærsti hópurinn var 30% á aldrinum 46-55 ára og 17% voru 56-67 ára. Hópurinn var einnig hlutfallslega dreifður yfir svæðið, langstærsti hluti svarenda eða 53% eru á Húsavík.


Hvaða menntun hefur þú lokið



Mynd 26 Menntun þátttakenda

Þarna má sjá nokkra dreifingu á menntun. Nærri 30% hefur einungis grunnskólamenntun. Það er engu að síður meirihluti sem hefur lokið einhvers konar menntun og þar af 28% með háskólamenntun. Þegar spurt var um stöðu á vinnumarkaði kom fram að tæp 78% svarenda voru í vinnu, 11% í námi, 3,3% voru


atvinnuleitendur, 4,3% frá vinnu sökum örorku, 2,2% heimavinnandi og 1,8% í tímabundnu orlofi frá vinnu. Þátttakendur voru spurðir um starf sitt og voru skiljanlega fjölmörg mismunandi svör. Þegar þetta var flokkað grófllega eftir atvinnugreinum (sjá mynd 30) má sjá að flestir störfuðu við fræðslu og menntun eða 40 einstaklingar. Tæp 70% þátttakenda svöruðu þessari spurningu sem er aðeins færri en þeir sem eru í vinnu.



Mynd 27 Starf þátttakenda

Telur þú líklegt að þú skiptir um starfsvettvang á næstu árum?

■ Mjög ólíklegt ■ Frekar ólíklegt ■ Frekar líklegt ■ Mjög líklegt



Mynd 28 Breyting á starfsvettvangi


Aðeins 31% þátttakenda sögðu það frekar eða mjög líklegt að þeir myndu skipta um starfsvettvang á næstu árum á móti 69% sem sögðu það frekar eða mjög ólíklegt.

4.3. Símenntun og starfsþjálfun

Þegar spurt var um hvort aðgengi að símenntun væri nægilega gott á svæðinu sögðu 65% já og 13% sögðu nei. Nokkuð stór hópur eða 23% hafði ekki kynnt sér það. Þegar spurt var um aðgengi að starfsþjálfun voru 35% sem sögðu aðgengið ekki nægilega gott og 30% sem sögðu það nægilega gott, alls 35% höfðu ekki kynnt sér málið.

Finnst þér aðgengi að starfsþjálfun nægilega gott á þínu svæði?

■ Nei ■ Já ■ Hef ekki kynnt mér það




Mynd 29 Aðgengi að starfsþjálfun

Þegar spurt var hvaða sérnáms eða starfsnáms svarendur hefðu áhuga á að sækja voru þar fjölmörg áhugaverð svör. Meðal þess sem nefnt var: lagnatækni, þroskaþjálfun, heimspeki, stjórnunarnám, tækninám, nudd, táknað eða talþjálfun, orkutækninám, íþróttافرæði, matartækni, smíðar, grænmetisræktun, skipstjórnarpróf á smærri báta, bókhald, rafiðnað, grafísk miðlun, læknafræðinám, hjúkrunarfræði, sagnfræði, ferðaþjónusta, sjúkraflutningar, margmiðlun og tækni, sérkennsla, lyfjafræði, iðjuþjálfun.

Einnig var spurt hvaða námskeið viðkomandi hefði áhuga á að sækja, þar var meðal annars nefnt: landbúnaðartengt, tölvunám, ljósmyndun, spænska, útskurður, skrifstofunám, endurmenntunarnámskeið, spílanámskeið, heimasíðugerð, köfun, skotvopnanámskeið, grafísk hönnun, skyndihjálpar, björgunarsveitar, kvikmyndatökur og myndvinnsla, logsuða, fjölmennning, tæknifræði, miðlun ofl. ofl. Nokkur mismunandi tungumálanámskeið voru nefnd, einnig nokkur í hreyfingu sem og í matargerð.

Er eitthvað sem kemur í veg fyrir að þú sækir símenntun




Mynd 30 Neikvæðir þættir í sókn í símenntun

Eins og sjá má á mynd 33 þá er áhugaleysi helsta fyrirstaðan í því að sækja símenntun, þar á eftir kemur tímaskortur. Það sem nefnt var í annað var meðal annars fjarlægðir, aldur, heilsuleysi, eða að viðkomandi sé nú þegar í námi.


Þegar spurt var um vöntun á námsframboði á svæðinu, ekki bara símenntun og starfsþjálfun, voru ýmis svör en áberandi mest voru þó óskir um iðnmenntun. Það var langoftast nefnt, bæði sem iðngreinar, iðnnám, verklegt iðnnám, kenna iðngreinar, starfsnám í iðngeinum o.fl. Meðal þess sem einnig var nefnt: tölvukennsla, fleiri námsgreinar í framhaldsskóla, háskólanám, skrifstofunám, uppeldis og kennslufræði, leiklist, verkfræði, allt starfsnám, fjölmiðlun og margmiðlunarfræði, háskólanám, raunvísindasvið, verknám/iðnnám, markaðssetningu, tölvutengt, auðveldara aðgengi að háskólanámi.

Hvernig finnst þér þjónusta við fjarnám og fjarnema vera á þínu svæði?



Mynd 31 Þjónusta við fjarnema

Hvernig finnst þér þjónusta við símenntun vera á þínu svæði?



Mynd 32 Þjónusta við símenntun

Eins og sjá má á myndum 34 og 35 þá er almenn ánægja með þjónustu við fjarnám og símenntun í Þingeyjarsýslum. Alls 66% eru frekar eða mjög ánægð með þjónstu við fjarnám og fjarnema og 51% frekar eða mjög ánægð með þjónustu við símenntun. Lítil prósent er óánægð með þjónustuna en einnig er stór hópur sem ekki hefur kynnt sér þjónustu eða aðstöðu. Í lok könnunar var opin spurning fyrir athugasemdir og þar kom meðal annars fram að erfitt væri að sækja menntun vegna lélegrar nettengingar á ákveðnum svæðum, og einnig aftur talað um vöntun á verk- og iðnnámi. Þá var einnig nefnt að það mætti koma til móts við yngra fólk, hafa námskeið fyrir eldri grunnskólabörn.

5. NIÐURSTÖÐUR - UMRÆÐUR

Ef taka á heildarniðurstöður þessarar kannanna saman í stuttu máli þá má telja upp eftirfarandi:

- Skortur er á iðnnámi í Þingeyjarsýslum og eftirspurn eftir því, hvort sem er nám eða starfsnám. Um helmingur ungmennanna sögðust hafa hug á að sækja iðnnám eða nám á starfsnámsbrautum. Þeir sem hafa hug á að sækja slíkt nám verða að flytja af svæðinu.
- Töluverður hluti ungmenna í Þingeyjarsýslum (að Húsavík frátaldri), horfir ekki til þess að sækja framhaldsskólanám í heimabyggð heldur frekar í stærra þéttbýli.
- Námsframboð og/eða skortur á námsframboði (m.a. í iðnnámi), félagslíf og „gott og metnaðarfullt nám“ eru ráðandi þættir í vali ungmenna á framhaldsskóla.
- Helstu neikvæðu þættirnir við að sækja framhaldsskóla fjarri heimabyggð eru fjarlægð frá fjölskyldu og kostnaður við búsetu fjarri fjölskyldu.
- Lélegt netsamband í dreifðari byggðum takmarkar námsmöguleika.
- Stjórnendur fyrirtækja telja ekki nægilegt framboð af námsúrræðum í Þingeyjarsýslum, þ.á.m. hagnýt námskeið og starfsnám.
- Stærstur hluti stjórnenda segist hvetja starfsfólk sitt til þátttöku í námskeiðum.
- Tæpur þriðjungur almennings í Þingeyjarsýslum á aldrinum 18-67 ára hefur eingöngu lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu prófi en nær sama hlutfall hefur háskólanám að baki.
- Ánægja ríkir almennt um þjónustu á sviði símenntunar og fjarnáms í Þingeyjarsýslum.

Rannsóknin dregur glögglega fram vöntun á námsframboði í iðngreinum og starfsnámi í Þingeyjarsýslum. Í Þingeyjarsýslu, eins og víða á sambærilegum svæðum landsins, er námsframboð í iðn- og verknámi afar takmarkað. Áður var hægt að ljúka prófi í ýmsum iðngreinum í heimabyggð en nú er nær eingöngu boðið hefðbundið bóknám. Iðn- og verknám hefur færst í auknum mæli til fárra sérhæfðra skóla á framhaldsskólastigi og er ekki hægt að ljúka mörgum af algengari iðngreinum í skólum utan höfuðborgarsvæðisins (t.a.m. matreiðslunámi og bifvélavirkjun).

Í þessu samhengi er óhjákvæmilegt að horfa á svör þátttakenda þessarar rannsóknar. Á meðan sjá má vilja bæði atvinnulífs og nemenda í Þingeyjarsýslu til verk- og starfsmenntunar blasir við að framboð slíkra námsúrræða er ekki fyrir hendi. Þessum þörfum verður því ekki sinnt í heimabyggð að óbreyttu.

Með vísan til framangreinds má því draga þá spurningu fram að lokum hvort efling starfs- og iðnmenntunar í dreifðum byggðum geti verið einn af mikilvægari áhrifaþáttum í átt að jákvæðari þróun samfélaga dreifðra byggða? Netverk framhaldsskóla um landið er víðfeðmt og tryggir allgóðan aðgang að námi í dreifðum byggðum, en nær eingöngu í bóknámi. Ástundun starfs- og verknáms á framhaldsskólastigi útheimtir því búferlaflutninga fyrir íbúa dreifðra byggða. Sé horft til

fullorðna fólksins, þ.e. framhaldsfræðslu og/eða símenntunar, kemur einnig fram í rannsókninni þörf á auknu námsframboði í starfs- og verknámi. Hins vegar er jákvætt að ánægja ríkir almennt með fjarnámsþjónustu í Þingeyjarsýslu, að því leyti sem fjarnámsframboð getur komið að gagni í starfs- og verknámi.

Breyting á þessari stöðu er tæpast á færi stakra menntastofnana, þó vissulega gefi ný framhaldsskólalög ákveðin tækifæri til þróunar á námsframboði og -úrræðum. Efling á starfs- og iðnmenntunarúrræðum á framhaldsskólastigi í dreifðum byggðum er líklega fremur háð stefnumarkandi ákvörðunum og kerfislægum breytingum í þá átt að gera menntastofnunum í dreifðum byggðum kleift að bjóða og reka nám á sviði starfs- og iðnmenntunar.

HEIMILDIR

Já Upplýsingaveitur hf. Álfheimar 74, 104 Reykjavík. Vefslóð: <http://www.ja.is>

Netkönnun lögð fyrir nemendur í 9-10 bekk í Grunnskóla Bakkafjarðar, Grunnskólanum á Þórshöfn, Grunnskólanum á Raufarhöfn, Öxarfjarðarskóla, Borgarhólsskóla, Haftralækjaskóla, Litlulaugaskóla, Stórutjarnaskóla og Reykjahlíðarskóla.

Netkönnun sem send var á stjórnendur og eigendur fyrirtækja á Norðurlandi.

Símakönnun sem hringd var út í tilviljanakennt úrtak úr þjóðskrá, Þingeyingar á aldrinum 18-67 ára.

Viðaukar

